

45. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 3.6. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson og 3. Varamaður Sólrún Júlía Hjartardóttir boðuðu forföll. 4. Varamaður Gunnar Gunnarsson var mættur. Mættur undir lið 2. Bogi Kárason ráðgjafi hjá Verkráði ehf. kl. 9:10. Mættur undir lið 5. og 6. í gegnum fjarfundarbúnað Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins kl. 10:05.

Dagskrá:

1. Oddvitakjör
2. Hamborg-hönnun gatna og veitna
3. Svæðisáætlun Austurlands 2025-2035
4. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi
5. Umsögn um áform stjórnvalda um niðurfellingu undanþágu fasteignagjalda orkumannvirkja
6. Umsögn um breytingu á sveitarstjórnarlögum
7. Brák leigufélag
8. Tilboð í hönnunarvinnu, grendarstöðvar, Bessastaðargils og útisvæðis við Hengifoss
9. Snæfellshlaupið 2025
10. Styrkur frá EBÍ
11. Fundargerðir:
 - a. Umhverfis-og loftslagsnefndar 15.5.2025
 - b. Almannaþingarnefndar 12.5.2025
 - c. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 9.5.2025
 - d. Austurbrúar 9.5.2025
 - e. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 16.5.2025

12. Skýrsla sveitarstjóra

13. Önnur mál:

1. Oddvitakjör

Lárus hlaut 4 atkvæði og Jóhann eitt atkvæði í kostningu um oddvita. Jóhann hlaut 4 atkvæði og Halla 1 atkvæði í kostningu um varaoddvita.

2. Hamborg-hönnun gatna og veitna

Útboðsgögn kynnt. Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við Boga Kárasen um að hafa verkefnastjórn með framkvæmdinni. Opnun tilboða verður fummtudaginn 12. Júní kl. 14 í Végarði. Bogi vék af fundi kl: 9:51.

3. Svæðisáætlun Austurlands 2025-2035

Kynnt og samþykkt.

Gunnar Gunnarsson vék af fundi kl. 9:55

4. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps undrast niðurstöðu aðalfundar SSA sem haldinn var á Eiðum þann 9.maí síðastliðinn, þar sem samþykkt var að Fljótsdalshreppur yrði aðeins eina sveitarfélagið á landinu sem væri útilokað frá stjórnaraðild með full réttindi í landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi.

Gunnar kom aftur til fundar kl: 10:27

5. Umsögn um áform stjórnvalda um niðurfellingu undanþágu fasteignagjalda orkumannvirkja

Kristinn kynnti umsögnina. Oddvita og lögfræðingi falið að klára umsögnina og skila inn fyrir 9. Júní 2025.

6. Umsögn um breytingu á sveitarstjórnarlögum

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps leggur áherslu á að sveitarstjórnarlög endurspegli og styðji við fjölbreytni í gerð og stærð sveitarfélaga. Þannig beri að varast að lögunum verði breytt með það að meginmarkmiði að sveitarfélög verði fjölmennari óháð landfræðilegum aðstæðum og vilja íbúa þeirra. Lýðræði verður að vera allra, ekki

bara hinna stærri og sjálfstæði og sjálfsstjórn sveitarfélaga á ekki að ráðast af stærð þeirra. Um langan tíma hafa verið ákvæði í sveitarstjórnarlögum sem hafa heimilað bæði fjölmönnum og fámönnum sveitarfélögum að hafa samstarf um ýmsa lögbundna þjónustu sveitarfélaga þar sem það hefur verið talið hagkvæmt með þjónustusamningum og byggðasamlögum. Ekki verður séð hvaða þörf sé á eða efnisrök fyrir að þrengja þær heimildir þannig að það bitni á fámönnum sveitarfélögum. Sveitarstjóra og lögfræðingi falið að klára umsögnina og skila inn í samráðsgátt stjórnvalda, lokadagur við skil á umsögn er 23. Júní. Kristinn vék af fundi kl 11:20.

Jóhann vék af fundi kl 11:25 og þá tók Anna Jóna við fundarstjórn.

7. Brák leigufélag

Kynningarfundur hefur verið með leigufélagunum Brák og Bríet um byggingarframkvæmdir í Hamborg. Sótt hefur verið um stofnaðild að Brák leigufélaginu sem tekin verður fyrir á ársfundi í júní. Stofnaðildargjald er eingreiðsla kr. 50.000.

8. Tilboð í hönnunarvinnu, grendarstöðvar, Bessastaðárgils og útisvæðis við Hengifoss

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Logg um hönnunarvinnu á eftirtöldum stöðum: Bessastaðárgil/Melarétt, Valþjófsstaðamelar sorpmóttaka og Hengifoss útisvæði.

9. Snæfellshlaupið 2025

Samþykkt að veita styrk kr. 200.000 í verkefnið. Sveitarstjórn fagnar framtakinu.

10. Styrkur frá EBÍ

Samþykktur styrkur var veittur kr. 600.000 sem fer í Búsetuminjaverkefnið.

11. Fundargerðir:

a. Umhverfis-og loftslagsnefndar 15.5.2025

Kynnt

b. Almannaþingarnefndar 12.5.2025

Kynnt

c. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 9.5.2025

Kynnt

d. Austurbrúar 9.5.2025

Kynnt

e. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 16.5.2025

Kynnt

12. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu verkefni milli funda.

Rætt um kaup sveitarfélagsins á öryggis og eftirljóstþjónustu. Sveitarstjóra falið að leita eftir tilboðum.

Endurnýjun á búnaði í Laugarfelli. Innkaup vegna eldhústækja við þjónustuhúsið við Hengifoss.

13. Önnur mál:

Sveitarstjóra falið að búa til reglur um stöðureiti og gjaldtöku við þjónustuhúsið við Hengifoss sem koma þarf til samþykktar til lögreglustjórans á Austurlandi.

Fundi slitið kl: 12:37

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson